

Einelti í grunnskóla – upplýsingar til foreldra

Hvað er einelti?

- Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir af einum aðila eða hópi með siendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum, sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun.
- Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi gagnvart félögum. Sjálfstraustið hverfur, barnið dregur sig í hlé og verður jafnvel veikt án sýnilegra einkenna. Langvarandi einelti veldur streitu sem leitt getur til alvarlegra vandamála eins og óæskilegrar hegðunar, lystarleysis og þunglyndis.
- Einelti getur einnig birst í samskipum á vefmiðlum. Það er hlutverk fullorðna fólksins að sjá til þess að börn umgangist veraldarvefinn af ábyrgð.
- Stefnumótun í eineltismálum hefur það að markmiði að tryggja öruggt skólaumhverfi þar sem nemendum líður vel. Nemendum líður vel þar sem samskiptin helgast af virðingu, samábyrgð, umhyggju og ábyrgri hegðun.
- Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif á sálarlíf fórnarlambins.

Hvert geta foreldrar snúið sér leiki grunur á að barn þeirra verði fyrir einelti í skóla?

Foreldrar þurfa alltaf að taka alvarlega grun um að barn þeirra verði fyrir einelti í skólanum eða ef upplýsingar berast frá skólanum um að barn þeirra sæti einelti.

Nauðsynlegt er að ræða við barnið, hlusta vel á það og sýna því umhyggju og skilning. Foreldrar þurfa einnig að ræða við umsjónarkennara. Mikilvægt er að kennari taki erindinu alvarlega og afli nauðsynlegra gagna til að varpa ljósi á staðreyndir. Sé einelti staðfest þarf að gera ítarlega áætlun um hvernig skóli og foreldrar stöðvi það í sameiningu. Skólinn á að hafa frumkvæði og skipuleggja hvernig vinna skuli gegn eineltinu og samhæfa starfið. Yfirleitt er talið best að foreldrar og umsjónarkennari fái leyfi þolanda til að taka málið upp. Hins vegar eru það alltaf þeir fullorðnu sem eru ábyrgir fyrir því að vernda barnið.

Foreldrar gerenda í eineltismálum

Öllum foreldrum eru það vonbrigði og visst áfall þegar fréttir berast frá skóla um að barn þeirra taki þátt í einelti. Foreldrar verða engu að síður að hafa hugfast að það gagnast ekki barni þeirra að afsaka hegðun þess, réttlæta eða gera lítið úr henni. Foreldrar gerenda þurfa að taka sem fyrst á málinu ekki aðeins til að hjálpa þolandanum heldur líka vegna barns síns. Niðurstöður rannsókna benda til þess að börn sem sýna ofbeldishegðun gagnvart félögum sínum eru í áhættuhópi hvað varðar andfélagslega hegðun sem getur m.a. leitt til glæpa síðar á lífsleiðinni. Fyrsta skrefið til að hjálpa barninu er að taka upp jákvætt og markvisst samstarf við skólann.

Yfirleitt er ekki mælt með því að foreldrar þolanda hafi sjálfir samband við foreldra gerenda. Heppilegra þykir að umsjónarkennari hafi umsjón með ssamskiptunum. Hann boðar til fundar með nemendum sem hlut eiga að máli og foreldrum þeirra. Þar útskýrir hann aðstæður og leitar eftir samkomulagi um aðgerðir til að stöðva eineltið. Þessu samkomulagi er fylgt eftir í samstarfi við foreldra.

Frekari upplýsingar og fræðslu má finna á vefsíðum:

<http://www.olweus.is/>